



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gatnamót

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Óskað er upplýsinga hver sé ástæða þess að farið var í breytingar á gatnamótum við Egilshöll í Grafarvogi? Unnið hefur verið að breytingum við þessu gatnamót og þeim breytt úr ljósastýrðum gatnamótum í hringtorg. Byrjað var á framkvæmdum í júní og þær standa enn yfir með tímabundnum lokunum. Hver er ástæðan þess að farið var í þessar breytingar og hverju átti að ná fram. Hvað kosta þessar framkvæmdir. Mikið hefur verið fjallað um þetta í Grafarvoginum og er það mat fjölmargra að ekkert gagn sé af þessum framkvæmdum og helst ógagn í þröngum götum og beygjum t.d. fyrir strætisvagna og snjóruðningstæki.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 22. nóvember 2023.

Svar:

Farið var í þessar breytingar til að gera Strætó kleift að snúa við á þessum stað. Hönnunin var unnin í samvinnu með Strætó. Með þessum framkvæmdum er verið að bæta aðstæður og umferðaröryggi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur m.a. með því að hægja á akandi umferð.

Heildarkostnaður samkvæmt kostnaðaráætlun 2 var 240 milljónir kr. Verkið er samstarfsverkefni með Veitum og Mílu og var hlutur Reykjavíkurborgar áætlaður 215 milljónir kr. Lægsta tilboð sem barst í útboði verksins var tæpar 182 milljónir kr. og var gengið að því tilboði.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri